

Athugasemdir við drög að málsatvikalýsingu vegna framkvæmd kosninga í Norðvesturkjördæmi

Fyrst vill undirritaður ítreka almenna athugasemd sem komið var munnlega á framfæri við undirbúningsnefndina á fundi þann 3. nóvember sl. Athugasemdin snýr að því verklagi nefndarinnar að fundir með málsaðilum, kærendum og flestum öðrum gestum eru lokaðir og efni þeirra ekki aðgengilegt öðrum en þingmönnum. Augljóst er af þessum sökum að við kærendur eigum erfiðara um vik að koma á framfæri efnislegum athugasemdum við drög að málsatvikalýsingu. Þetta er sérlega bagalegt þar sem fulltrúar í yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis virðast ekki vera á einu máli um nokkur mikilvæg atriði, sjá nánar í athugasemd 2. Undirritaður skorar því enn og aftur á undirbúningsnefndina að breyta þessu verklagi sínu og gera amk. kærendum kleift að kynna sér viðtöl undirbúningsnefndar við gesti þá sem boðaðir hafa verið á fundi með nefndinni.

1. Um talningarsalinn. Á bls. 1 í drögum að málsatvikalýsingu er rýminu lýst á þennan hátt: „*Samkvæmt athugun undirbúningsnefndarinnar á vettvangi á Hótel Borgarnesi skiptist salurinn í fremri sal, þar sem voru veitingar og umboðsmenn höfðu til að mynda aðstöðu, og innri sal þar sem talning atkvæða fór fram. Fremri salur og talningarsalur voru aðskildir með léttum skilrúmunum og inngangur úr fremri sal inn í talningarsal var stúkaður af með borðum þar sem yfirkjörstjórn tók á móti innsigliðum atkvæðakössum, skýrslum og kjörskráum og gerðabókum kjördeilda.*“

Samkvæmt 99. gr. laga um kosningar til Alþingis er heimilt að hefja flokkun atkvæða og undirbúa talningu þeirra **fyrir luktum dyrum** áður en kjörfundi lýkur. Af lýsingu í drögum er ljóst að hluti atkvæða í Norðvesturkjördæmi voru flokkuð og talin áður en kjörfundi lauk. Á bls. 2 segir: „*Sagðist annar starfsmannanna hafa mætt klukkan sjö og fljótlega hafi verið byrjað að telja*“.

Sú staðreynd að formaður yfirkjörstjórnar var tilbúinn með fyrstu tölur rúmunum 10 mínútum eftir að kjörfundi lauk sýnir augljóslega að talning var hafin áður en heimilt var að hefja hana. Óhugsandi er að 5.932 atkvæði hafi verið talin á rúmunum 10 mínútum. Í fundargerð yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis segir: „*Talningarfólk kom á staðinn um kl. 18:30 og kl. 19:10 hófst flokkun atkvæða og þá var salnum þar sem talið var lokað fyrir utanaðkomandi.*“ Að mati undirritaðs kemur ekki nægilega skýrt fram í drögum hvort þetta átti sér stað „fyrir luktum dyrum“ eða ekki. Ef marka má lýsingu á „talningarsal“ þá var einungis um að ræða afstúkað rými með léttum skilrúmunum og borðum sem hægt var að ganga á milli.

2. Um fundargerð yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis. Ef marka má lýsingu í drögum þá er fundargerðinni talsvert ábótavant og athugasemdir eins fulltrúans virtar að vettugi. Raunar liggur fyrir að fulltrúarnir eru ósammála um veigamikil atriði og ákvarðanir, t.d. varðandi breytingu á verklagi við talningu á kosninganótt og ákvörðun um endurtalningu á sunnudegi. Hvergi er að sjá neinar athugasemdir frá umboðsmönnum framboðanna og ekki getið af neinni nákvæmni um viðveru þeirra. Hér er sérlega bagalegt að viðtöl undirbúningsnefndarinnar við yfirkjörstjórnarfulltrúa

og umboðsmenn eru ekki aðgengileg kærendum. Ætla má að fundargerðin sé ekki óhlutdræg og forðast að nefna ágreiningsatriði. Erfitt er fyrir kærendur að leggja mat á það hvort drögin geri nægilega vel grein fyrir þessum ágreiningsatriðum sem hljóta að teljast mjög mikilvæg við úrlausn málsins.

3. Um rangt flokkuð atkvæði og misræmi í talningu. Ekki er að sjá í drögum þessum neinar útskýringar á því hver gæti verið skýring þess að atkvæði voru rangt flokkuð eða hvort að mögulega hafi verið átt við atkvæðin að morgni sunnudags. Fram kemur að á myndum sem teknar voru um morguninn „*sjást blýantar, pennar og strokleður á borðum við inngang salarins ásamt blaðamöppum og handbókum*“. Rannsókn lögreglu virðist aðallega hafa beinst að skoðun á myndefni úr eftirlitsmyndavélum og því hvort að salurinn hafi verið læstur og þá hvenær. Ekkert er að finna í drögnum um rannsókn á því hvort að átt hafi verið við kjörseðla eða hvort að einhverra vísbendinga hafi orðið vart í sínum þeirra sem voru á svæðinu á meðan á svokallaðri fundarfrestun stóð. Það er áleitin spurning hvort að slík rannsókn hafi yfirleitt farið fram og ef ekki, hvers vegna. Undirritaður lýsir eftir greinargóðum upplýsingum um það sem lögreglan rannsakaði. Hér skal þó tekið fram að ekki er verið að gefa neitt í skyn að svindlað hafi verið á merkingum kjörseðla.

Virðingarfyllst,

Reykjavík 10. nóvember 2021.

Sigurður Hreinn Sigurðsson.